

**Til:**

Lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar  
Bt. Elísabet Sveinsdóttir formaður, Soffía Karlsdóttir deildarstjóri menningarmála

**Frá:**

Finni Ingimarssyni forstöðumanni Náttúrufræðistofu Kópavogs

**Efni:**

Umsögn og athugasemdir við skýrslu KPMG um greiningu á rekstri og tækifærum til hagræðingar í menningarmálum hjá Kópavogsbæ.

Skýrsla KMPG tiltekur ýmsa valkosti til lækkunar á rekstrarkostnaði en leggur takmarkað mat á gæði, tilgang og árangur af menningarstarfinu. Við árlega gerð fjárhagsáætlana er farið yfir þessi mál og þar fæst heildaryfirsýn hvað varðar hagkvæmni í rekstri með tilliti til árangurs af starfsemi menningarhúsanna. Taka skal strax fram að telja verður það mikinn skaða ef Náttúrufræðistofan væri lögð niður. Mikilvægi þess að koma á framfæri fræðslu til sem flestra um grundvallar lögmál náttúrunnar, ekki síst á tímum loftslagsváru og annars umhverfisvanda af ýmsum toga. Nauðsynlegt er að auka skilning á mikilvægi skynsamlegrar umgengni svo við megum eiga sem farsælast líf til langrar framtíðar á þessu landi og þessari jörð. Þetta verður ekki síður metið svo í ljósi þess að náttúrulæsi ungmenna hefur hrakað skv. mælingum í síðustu PISA könnun. Í samtölum við kennara í grunnskólum Kópavogs og starfsmenn Menntasviðs bæjarins hefur komið fram að kennurum með áherslu á þekkingu í náttúrufræði hefur fækkað. Ein áskorunin í starfi Náttúrufræðistofunnar er því að viðhalda tengslum við kennara og vitneskju um starfsemi sína á floti í starfsmannaveiltu skólanna. Þáttur Náttúrufræðistofunnar til stuðnings við náttúrufræðikennslu í skólum Kópavogs er ekki síður mikilvægur nú en á áttunda áratug síðustu aldar þegar kennarar áttu frumkvæði að stofnun hennar. Vissulega er það ekki lagaskylda að reka náttúrufræðisafn en setja má fram sterk rök um það að ekki síður ætti það að vera lagaskylda en að reka bókasafn. Í raun má færa fyrir því sterk rök að það ætti það að vera lagaskylda sveitarfélagi að reka “menningarstofnun” og útvíkka þannig þá þröngu sýn sem beinist að bókasöfnum. Náttúrufræðistofa Kópavogs er eina náttúrufræðisafnið á landinu sem hefur viðurkenningu Safnaráðs, aðrar náttúrufræðisýningar eru hluti menningarminjasafna og sjaldgæft að þar starfi náttúrufræðingar sem sinna fræðslu.

**Samvinnan, Menning í Kópavogi MEKÓ:**

Ekki ætla ég að fara nákvæmlega yfir almennan rekstur menningarmála í Kópavogi, vil þó benda á meðalkostnað við menningarmál uppá um 19 þúsund á íbúa Kópavogs á móti landsmeðaltali uppá 33 þúsund á íbúa. Miðað við þetta eigum við langt í land. Hafa verður í huga að góðir hlutir kosta og þá er spurning hvort ætlunin sé draga úr gæðum með sparnaði?

Eitt af aðalsmerkjum starfsemi menningarhúsanna undanfarin ár er samþætting á þeim ólíku sviðum sem menningarhúsin starfa á. Það að tengja listir og vísindi hefur skapað

áhugaverðari nálgun á ýmis umfjöllunarefni sem þá nær til fjölbreyttari hóps íbúa. Út frá sjónarhóli náttúruvísindanna er afar mikilvægt að reyna að ná með markvissum hætti til sem flestra til að auka vitund um skynsamlega umgengni við náttúruna, eins og fram kom í upphafi. Grundvöllur þessarar samþættingar er að það séu til einhverjir aðilar sem sjá um og skipuleggja þessa samvinnu eins og nú er undir merkjum “menningar í Kópavogi, MEKÓ”. Ef rétt er skilið hafa forsvarsmenn sveitarfélagsins ítrekað rætt um þetta starf sem litið sé til með stolti. Þar við bætist að samkvæmt ánægjukönnunum ríkir mikil ánægja með það hvernig sveitarfélagið sinnir menningarmálum, og meiri ánægja en almennt gerist meðal sveitarfélaga. [https://www.kopavogur.is/static/files/kopavogur\\_2022\\_ma\\_birta.pdf](https://www.kopavogur.is/static/files/kopavogur_2022_ma_birta.pdf)

### **Safnahús sameiginlegt**

Einn rekstrarliður sem settur var upp í bókhaldinu þegar Náttúrufræðistofa og Bókasafn fluttu undir sama þak 2002 kallast “Safnahús sameiginlegt”, þá var ýmsum rekstrarliðum ekki skipt á milli stofnananna heldur búinn til þessi sérliður. Sameiginlegir rekstrarliðir eins og þrif, sorphirða, rafmagn og hiti, húsvarsla um tíma og viðhald hússins, voru þarna inni en þar hefur líka verið húsnæðisliður, innri leiga, og tölvukostnaður, sem mér hefur fundist svolítið skritin. Safnahús sameiginlegt, er ekki stofnun, eru það ekki bara stofnanirnar, Bókasafn og Náttúrufræðistofa sem eru í húsinu og ættu að standa undir kostnaði við húsið? Nafngift þessa liðar er lítur að húsnæðiskostnaði virðist líka eitthvað mismunandi og hvort hann er því eitthvað mismunandi er því frekar óljóst.

### **Náttúrufræðistofan:**

Í samantekt KPMG er fjallað nokkuð um rannsóknaráttinn í starfsemi stofunnar. Ávinningur af rannsóknarstarfi Náttúrufræðistofunnar er ótvíræður. Í skýrslu Ólafar Gerðar Sigfúsdóttur frá 2021: Safnarannsóknir, könnun á umfangi og skipulagi rannsókna í íslensku safnastarfi, sem gefin er út af Rannsóknasetri í safnafræði við HÍ, kemur fram að almennt telja söfn sig njóta frekar lítills stuðning til að sinna rannsóknastarfi. Það er þó eitt af skilyrðum viðurkenningar Safnaráðs, og hefur Náttúrufræðistofan hlotið slíka viðurkenningu. Þar kemur líka fram að tæplega helmingur safna sinna rannsóknum að einhverju leyti og þar með laða þau til sín vel menntað og verðmætt starfsfólk. Viðurkenning Safnaráðs er skilyrði þess að hægt sé að sækja um styrki til Safnasjóðs og hefur Náttúrufræðistofan nýtt sér það á hverju ári síðan viðurkenningin fékkst. Hefur endurnýjun á grunnsýningum, sem unnið hefur verið að á undanförunum árum að mestu verið kostuð af styrkjum Safnasjóðs. Árið 2021 hlaut Náttúrufræðistofan öndvegisstyrk til þriggja ára sem nemur tæpum 12 milljónum, til að vinna að sérstöku sýningaratriði sem byggir á gagnvirkri margmiðlun. Sagan sem þar er sett fram spannar síðustu 68 milljón ár og tvinnar saman jarðsögu og líffræði í okkar heimshluta á nýstárlegan hátt. Þróunarsögu nokkurra lífveruhópa er fylgt eftir frá upphafi til okkar daga og skoðað hvernig myndunarsaga Íslands fellur inn í þessa sögu. Verkið er margþætt eins og gefur að skilja, en það er unnið í samstarfi við margmiðlunarfyrtækið Gagarán. Hugmyndir eru um frekari margmiðlunarvæðingu í sýningum Náttúrufræðistofunnar en ljóst er að slík framsetning nær vel til margra aldurshópa.

### **Rannsóknir**

Rannsóknir þær sem Náttúrufræðistofan stundar eru fyrst og fremst útseld þjónustu- og vöktunarverkefni. Rannsóknasviðið er vatnavistfræði en grunnur að þessari sérhæfingu nær aftur til 1992. Þá réðst Hilmar Malmquist sem forstöðumaður til Náttúrufræðistofunnar og hóf þátttöku í stóru rannsóknarverkefni „Yfirlitskönnun á lífríki íslenskra vatna, samræmdur gagnagrunnur“ í samvinnu við Háskóla Íslands, Veiðimálastofnun og Háskólann á Hólum. Þetta var tímamóta verkefni þar sem almenn þekking á vistfærði íslenskra stöðuvatna var afar takmörkuð. Sérsvið Náttúrufræðistofunnar hefur upp frá því verið vistfræði ferskvatns, greiningar og stofnmælingar á samfélögum lífvera í stöðuvötnum og ám, einkum hryggleysingja. Á margan hátt er samfélögum hryggleysingja stjórnað af ytri þáttum sem mikilvægt er að fylgast með til að geta brugðist við ef mannleg starfsemi hefur áhrif á umhverfi sitt.

Í skýrslunni er rætt um samkeppni á þessu sviði og því er til að svara að samkvæmt okkar upplýsingum eru tvö fyrirtæki á einkamarkaði sem stunda vistfræðirannsóknir. Annars vegar er um að ræða, RORUM ehf. sem starfar mest á sviði sjávarvistfræði. Rannsóknir þeirra hafa m.a. lotið að áhrifum laxeldis á lífríki sjávar, rannsóknir á áhrifum af veitingu skólps sjó og ýmsum öðrum mannlegum framkvæmdum sem áhrif geta haft á sjávarlíf. Því hefur lítil sem engin skörun verið við sérsvið Náttúrufræðistofu Kópavogs og hefur fyrirspurnum sem stofunni hafa borist um slík verkefni verið vísað til RORUM. Hitt fyrirtækið er Laxfiskar ehf. sem fæst við vistfræði fiska, bæði í sjó og vötnum, hefur Náttúrufræðistofan átt í samskiptum og samvinnu við þetta fyrirtæki, t.d. í vöktun á Elliðaánum, þar sem hvor aðili sinnir verkhlutum sem falla að sínu sérsviði. Aðrar stofnanir eins og Náttúrustofunnar eru settar niður á skilgreindum landsvæðum sem náðu til gömlu kjördæmanna. Þær eru ekki einkafyrirtæki heldur eru þær, eins og Náttúrufræðistofa Kópavogs, rekin af sveitarfélögunum á viðkomandi landsvæði, og að auki með aðkomu, eða styrk frá ríkinu. Flestar Náttúrustofanna hafa markað sér sérsvið á ákveðnu rannsóknasviði auk þess sem þær beina gjarnan sjónum að verkefnum á sínu landsvæði.

Hér má geta þess að Náttúrufræðistofa Kópavogs er fyrirmynd að Náttúrustofunum. Sótt var ítrekað um að Náttúrufræðistofan fengi útnefningu sem Náttúrustofa Reykjaness, en vegna byggðasjónarmiða var sú stofa staðsett í Sandgerði. Þá hefur Hafrannsóknastofnun einnig verið nefnd en það er ríkisstofnun. Veiðimálastofnun, sem sameinuð var Hafrannsóknastofnun fyrir nokkrum árum, fékk formlegar kvartanir um að greiða niður rannsóknir á samkeppnismarkaði, m.a. frá Laxfiskum ehf. Lausnin fólst í því að bókhaldslega var skilið á milli þjónusturannsókna og annarra styrktra eða lögbundinna rannsókna sem kostaðar voru af ríkinu. Í skýrslu KPMG er lagt til að skilið verði á milli rannsókna og safnastarfsins, ætla má að það verði fyrst og fremst bókhaldslegur aðskilnaður. Hvað varðar verðlagningu á vinnu við útseld rannsóknarverkefni hefur síðustu ár verið tekið mið af auglýstri verðskrá Náttúrufræðistofunnar Íslands. Ef litið er til samkeppnislaga sem skýrslan vitnar til verður þar varla séð að starfsemin Náttúrufræðistofunnar sé ólögleg. Sé svo má spyrja hvort svo sé ekki einnig um allar Náttúrustofunnar og þær ríkisstofnanir sem sinna vistfræðilegum rannsóknum.

## **Verkferlar**

Það er alveg rétt að verkferlar hafa ekki nýlega verið skráðir með skipulegum hætti. Náttúrufræðistofa Kópavogs er lítil stofnun með fjölbætta starfsemi og nýtur þess hagræðis sem felst í því að hafa reynt starfsfólk sem getur tekið að sér þau verkefni sem koma upp á hverjum tíma. Þetta er jafnframt mikill kostur, gerir störfin fjölbreytt, starfsumhverfið lifandi og auðvelt að bregðast við aðstæðum sem upp koma, jafnvel með skömmum fyrirvara. Innan stofunnar er að finna ýmsa sérþekkingu sem tengist sérsviði hennar, einn starfsmaður er með sérhæfingu í tegundagreiningu á lirfum rykmýs sem er undirstöðuhópur í öllum íslenskum vötnum og annar er með sérþekkingu á greiningum krabbadyra. Nýlega var svo ráðinn einstaklingur sem hefur unnið mikið með fargreiningu á fiskum í gegn um radíómerkingar. Nú eru í undirbúningi verkefni í samvinnu við HÍ og Laxfiska ehf. sem tengjast sértækri búsvæðanýtingu hinna mismunandi afbrigða bleikjunnar í Þingvallavatni, en vöktun murtu í Þingvallavatni hefur verið sértækt viðfangsefni Náttúrufræðistofunnar frá því fyrir aldamót. Þá er starfsmaður sem hefur sérstaklega með höndum að sjá um fræðslu og viðburði. Sá er jarðfræðingur að mennt og hefur jafnframt unnið að skráningu á jarðfræðisafni Náttúrufræðistofunnar. Það verkefni hefur setið nokkuð á hakanum undanfarin ár, ekki síst vegna skorts á sérfræðiþekkingu á þessu sviði.

## Skólarnir

Undanfarið hefur farið mikil vinna í að efla samstarf við skóla bæjarins, sem hefur m.a. birst í verkefninu “Leggjum línurnar”. Um er að ræða verkefni sem snýr að loftslagsmálum og hlaut það afar góðar viðtökur hjá kennurum og nemendum grunnskólanna í Kópavogi. Ætlunin er að gera þetta verkefni veftækt þannig að kennarar geti gengið að því þegar þeim hentar í kennslustarfinu. Í samstarfi við Lýðheilsufulltrúa Kópavogs var einnig farið í að útbúa námsefni fyrir grunnskólana um náttúru Kópavogs, eða öllu heldur að gera það aðgengilegra með því að koma því á vefinn. Til var bókin “Þar á ég heima” sem er námsefni, samið árið 2001 af Sólrúnu Harðardóttur kennara og sérmenntuðum námsefnishöfundu, um náttúru Kópavogs í samvinnu við Náttúrufræðistofuna. Í samvinnu við Sólrúnu og Menntasvið hefur efninu nú verið komið á vefinn og jafnframt hefur verið unnið að því að kynna það fyrir kennurum. Slóðin er: [nattura.kopavogur.is](http://nattura.kopavogur.is). Þá er í gangi vinna við gerð vefsíðu þar sem gönguleiðir í landi Kópavogs eru teknar saman og skráðar. Þar verða settar fram með skipulögðum hætti ýmsar upplýsingar um gönguleiðirnar og náttúruna sem þær liggja um.

Árið 2007 hafði Náttúrufræðistofan frumkvæði að því að hefja vöktun á lífríki Þingvallavatns. Það var orðið mjög tímabært fyrir þetta stærsta náttúrulega stöðuvatn landsins sem einnig er staðsett að hluta innan Þingvallapjóðgarðs. Hefur Náttúrufræðistofan haft með höndum verkstjórn þessa verkefnis síðan. Nú er í undirbúningi umsókn á vegum Umhverfisstofnunar til Evrópusambandsins um styrk til aukinnar vöktunar í tengslum við Stjórn vatnamála og er vöktun í Þingvallavatni þar inni. Frumáætlanir um kostnað við verkefnið hljóða uppá 23 milljónir króna og er áætlað að Náttúrufræðistofan gegni samhæfingarhlutverki milli aðila sem að vöktuninni koma auk þess að taka að sér aukin verkefni. Upp á síðkastið hafa vaknað áhyggjur af viðgangi lífríkis í Þingvallavatni eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, og byggja þessar upplýsingar m.a. á framangreindu vöktunarverkefni.

## Tekjuöflun og önnur þjónusta

Náttúrufræðistofan hefur í gegn um tíðina lagt sig fram um að svara almennum erindum bæjarbúa eftir fremstu getu og eru þau af margvíslegum toga. Töluvert er um greiningar á smádyrum/meindýrum sem fólk finnur í híbýlum sínum eða nærumhverfi og kemur með á stofuna til að fá úr því skorið hvað um er að ræða og fá ráðgjöf um viðbrögð. Þetta hefur verið gjaldfrjáls þjónusta sem einungis er hægt að fá á einum öðrum stað, Náttúrufræðistofnun Íslands og þar þarf stundum að bíða nokkuð eftir niðurstöðu, enda hafa skordýrafræðingar NÍ í nógu að snúast. Sérfræðingar NÍ hafa ekki gert neinar athugasemdir við þessa þjónustu Náttúrufræðistofunnar nema síður sé, enda hafa upplýsingar frá Náttúrufræðistofunni t.d. reynst gagnlegar við að kortleggja útbreiðslu nýrra tegunda. Fyrirkomulagið má að sjálfsögðu endurskoða en óhætt er að segja að starfsfólk finni fyrir mikilli ánægju með þessa þjónustu frá þeim sem til okkar leita.

Auk skólafólks úr Kópavogi heimsækir töluverður fjöldi skóla- og leikskólahópa úr nágrannasveitarfélögum Náttúrufræðistofu Kópavogs, einkum hópar úr Reykjavík, Garðabæ og Hafnarfirði. Þá sækja framhaldsskólanemendur víðsvegar að af höfuðborgarsvæðinu stofuna til að leysa námsverkefni. Hugsanlega gæti verið möguleiki á að leita til þessara sveitarfélaga með þátttöku í rekstrarkostnaði á grundvelli þessarar notkunar þessara sveitarfélaga á þjónustu Náttúrufræðistofunnar.

## **Önnur verkefni**

Það verður algjörlega tekið á núverandi forstöðumann að rafrænni skráningu skjala er ábótavant. Á þessu eina til eina og hálfu ári síðan okkur barst veður af aukinni áherslu á rafræna skráningu í one system, þá hefur innleiðing og skipulag þessa verkefnis vikið, einkum vegna tímasettra skýrsluskila og anna við ýmis önnur verkefni sem sett hafa verið í forgang. Eftir því sem best er vitað er sama ástand hjá öllum menningarhúsunum og hvers vegna þetta atriði er bara nefnt í tengslum við Náttúrufræðistofuna er óljóst.

Án efa er það kostur að greina betur í sundur bókhald Náttúrufræðistofunnar sem snýr að rannsóknum annars vegar og safna og fræðslustarfs hins vegar, og hefur þetta verið ávarpað lítilliga hér að framan. Ákveðið flækjustig er hins vegar fyrir hendi vegna samnýtingar starfsfólks við hin margbreytilegu verkefni eins og áður er getið, en ef hægt er að taka upp gott og aðgengilegt verkefnaskráningarkerfi er þetta varla ófyrstíganlegt vandamál. Helsti kostnaður við rannsóknarverkefni er launakostnaður við úrvinnslu sýna sem tekin eru í tenglum við verkefnin.

Spurt hefur verið um það hvort rannsóknarstofa Náttúrufræðistofunnar sé að einhverju leyti sérhæfð eða hvort hægt sé að flytja hana annað. Sérhæfing húsnæðisins lýtur að því að þar er aukin loftræsting en að öðru leyti er húsnæðið ekki sérhannað rannsóknahúsnæði. Húsnæðið í heildina er hins vegar sérhæft þar sem saman fer sýningarsafn, skrifstofur, rannsóknastofa og geymslur, í því felst hagræðing. Aðgengi að geymslum er nokkuð gott sem er kostur við starfsemina. Ókostur við að flytja starfsemina annað er að starfsfólkið myndi flytjast líka og er því ekki á staðnum ef það þarf að nota það í leiðsagnir eða móttöku hópa sem stundum koma með litlum fyrirvara. Jafnvel þótt fyrirvari væri færi tími í að fara á milli staða. Þá er það spurning um hvort ódýrara húsnæði sé til staðar í Kópavogi. Þá ber að geta þess að Náttúrufræðistofan er nokkuð vel tækjum búin, víðsjám og smásjám sem keypt

hafa verið fyrir styrki úr tækjakaupasjóði RANNÍS. Því hefur Kópavogsbær ekki þurft að leggja í kostnað vegna þeirrar uppbyggingar. Á móti kostnaði við önnur rannsóknatæki hafa komið tekjur vegna verkefnanna þar sem þau eru nýtt.

## Lokaorð

Síðustu misseri hafa verið krefjandi í menningarstarfi af ástæðum ekki þarf að fjölyrða um. Starfsfólk menningarhúsa Kópavogs hefur á þessum tíma lagt á sig ómælda vinnu og beitt hugmyndaflugi sínu til hins ýtrasta til halda úti þjónustu við bæjarbúa og hlotið mikið hrós og þakkir fyrir. Starfið er nú loks að komast aftur á fyrra skrið og var stór þröskuldur yfirstiginn í huga okkar allra þegar loks tókst aftur að halda Safnanótt án takmarkana.

Þá þykir starfsfólki ekki síður vænt um þann meðbyr sem finna má í ánægjukönnunum bæjarbúa ár eftir ár, en út frá þeim niðurstöðum má ljóst vera að þau sem sækja þjónustu húsanna eru í flestum tilfellum afar ánægð. Þetta skilar sér síðan í ánægju og metnaði starfsfólks sem berlega kom fram í vinnustaðakönnun á síðasta ári. Þar mátti einnig finna skýr skilaboð um að vinnuálag væri nokkuð úr hófi.

Heildar niðurstaða eftir rýni á skýrslu KPMG um menningarmál í Kópavogi er sú að þar sé bæði farið býsna geyst og byrjað á öfugum enda. Verði farið eftir ýtrustu tillögum sem þar er að finna felur það í sér að það fjölbreytta menningarstarf sem verið hefur í uppbyggingu undanfarin ár er í raun lagt niður. Starf sem ráðamenn í bæjarfélaginu hafa ítrekað lýst sem stolti bæjarins. Fræðslustarf um náttúrufræði sem Náttúrufræðistofan hefur sinnt til stuðnings leik- og grunnskólum Kópavogs í bráðum 40 ár verður lagt af. Hugmyndir á borð við að Gerðarsafn taki yfir sýningar Náttúrufræðistofunnar valda verulegri undrun en það þýðir að þær verða uppá punt. Þetta lýsir einstaklega djúpstæðu þekkingarleysi á safnastarfi og það er í raun óskiljanlegt að slík hugmynd sé sett á blað af ráðgjafaaðila sem væntanlega vill láta taka sig alvarlega!

Því er eindregið beint til bæjaryfirvalda að taka ekki ákvarðanir í þessum málum í flýti, heldur verði lagst yfir þennan málaflokk með yfirveguðum og faglegum hætti til að fá mat á kosti og galla, ekki bara út frá rekstartölum í Excel heldur út frá gæðum og árangri þjónustunnar. Þær hugmyndir sem nú hafa verið kynntar eru fremur naprar kveðjur í ljósi þess sem talið er upp hér að framan. Þá er samantekt KPMG að mörgu leyti stórgölluð og verður að telja næsta undarleg forgangsröðun að ráðast í þetta verk, þar sem oft virðist hreinlega skorta faglegar forsendur fyrir framlögðum tillögum. Í stað þess að byggja upp og efla það sem vel er gert og nýtur álits og virðingar langt út fyrir bæjarmörk Kópavogs, koma tillögur um blóðugan niðurskurð og samdrátt í starfsemi, sem eru gjörsamlega úr takti við alla þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað undanfarin ár.

Finnur Ingimarsson  
Forstöðumaður